

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Rangárþing eystra  
Hlíðarvegi 16  
860 Hvolsvöllur



Reykjavík 9. maí 2017  
UST201704-035/K.S.J.  
10.04.03

### Efni: Lýsing. Rangárþing eystra, deiliskipulag tveggja spildna í landi Mið-Dals

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 4. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulags tveggja spildna í landi Mið-Dals Rangárþingi eystra.

#### Skipulagssvæðið


Í lýsingu kemur fram að skipulagssvæðið nær til tveggja lóða, annars vegar Mið-Dals B2 sem er 2,9 ha að stærð og hins vegar Mið-Dals A2 sem er um 3,8 ha að stærð. Landið er staðsett um 3,5 km norðan við Suðurlandsveg og er Markarfljót skammt vestan þess. Einnig kemur fram að landið er gróið og nær flatt og hallar lítillega til vesturs.


#### Framkvæmdir

Á báðum lóðunum verður gert ráð fyrir sex gestahúsum af stærðinni 35 m<sup>2</sup> auk íbúðarhúsa. Í umhverfisskýrslu kemur fram að gestir á leið í Þorsmörk fari fram hjá skipulagssvæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem land er flatt þá sést svæðið vel og því er mikilvægt að gistihýsunum sé komið vel fyrir í landi, og að framkvæmdir falli vel að umhverfinu.

Umhverfisstofnun minnir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur